



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um fjölda Reykvíkinga yngri en 67 ára sem dvelja og/eða búa á hjúkrunarheimilum*

Þann 16. febrúar 2022 lagði fulltrúi Sósíalístafllokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda Reykvíkinga yngri en 67 ára sem dvelja og/eða búa á hjúkrunarheimilum:

Hvað eru margir Reykvíkingar yngri en 67 ára sem dvelja og/eða búa nú á hjúkrunarheimilum?

Svar:

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands var 61 íbúi yngri en 67 ára í varanlegri dvöl á hjúkrunarheimilum sem staðsett eru í Reykjavík í lok janúar 2022. Aldursskipting hópsins er með eftirfarandi hætti:
40 ára og yngri: 2 einstaklingar; 41-50 ára: 2 einstaklingar; 51-60 ára: 15 einstaklingar; 61-66 ára 42 einstaklingar.

Þessar upplýsingar segja þó ekki til um hvar íbúarnir áttu lögheimili áður en þeir hófu dvöl á hjúkrunarheimili en allar líkur er á því að það hafi verið á höfuðborgarsvæðinu, þar sem höfuðborgarsvæðið er eitt heilbrigðisumdæmi og íbúar þess fá úthlutað hjúkrunarrýmum í því umdæmi. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá voru íbúar í Reykjavík 135.841 þann 1. febrúar 2022, eða sem nemur um 56,3% af alls 241.198 íbúum höfuðborgarsvæðisins. Út frá því má áætla að af þessum 61 einstaklingi hafi 34 einstaklingar átt lögheimili í Reykjavík áður en þeir hófu varanlega dvöl á hjúkrunarheimili.